

Reglugerð um bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu

Um bikarmót

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu í öllum flokkum unglunga og fullorðinna karla og kvenna. Keppt skal í eftirfarandi flokkum:

	2023/2024	2024/2025	2025/2026
Fullorðinsflokkur (FIS)	Allir 2008 og eldri	Allir 2009 og eldri	Allir 2010 og eldri
19-20 ára (FIS)	2004 og 2005	2005 og 2006	2006 og 2007
17-18 ára (FIS)	2006 og 2007	2007 og 2008	2008 og 2009
15-16 ára	2008 og 2009	2009 og 2010	2010 og 2011
13-14 ára	2010 og 2011	2011 og 2012	2012 og 2013

Fjöldi móta skal vera eftirfarandi að lágmarki en geta verið fleiri eða færri:

13 ára og eldri	Þrjú bikarmót auk SMÍ.
-----------------	------------------------

2. Umsóknir um bikarmót skulu berast SKÍ fyrir 15. apríl. Ofangreind mót skulu vera opin öllum aðildarfélögum SKÍ. Á ráslistum og úrslitum þessara móta skal tilgreina hvaða félag keppandi keppir fyrir.
3. Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við skíðagöngunefnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrautir. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til skíðagöngunefndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal skíðagöngunefnd úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur skíðagöngunefnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.
4. Á bikarmótum SKÍ skal hafa til hliðsjónar þær vegalengdir sem keppt er í á UMÍ og SMÍ. Vegalengdir og keppnisform ásamt göngutækninni skal ákvarðast af skíðagöngunefnd ár hvert. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda ákveðnar vegalengdir/keppnisform/göngutækni getur mótsstjóri og eftirlitsmaður breytt því eftir aðstæðum.
5. Innheimt eru mótagjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og er það ekki afturkræft, þótt hann komi ekki til leiks þ.e. ef hann er á ráslista.
6. Í lok hvers móts skal mótshaldari senda úrslit á öll þátttöku félög sem og skrifstofu SKÍ.
7. Verðlaun á bikarmótum:

Fullorðinsflokkur (FIS)*	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
17-18 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
15-16 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
13-14 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni

*ekki skal veita sérstök verðlaun fyrir FIS mót. Einungis eitt sett af verðlaunum fyrir allan fullorðinsflokkinn.

Verðlaun í lok hvers tímabils fyrir bikarmeistara:

Fullorðinsflokkur (FIS)	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
19-20 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
17-18 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
15-16 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni
13-14 ára	Þrjú verðlaun af hvoru kyni

8. Á bikarmótum skal vera eftirlitsmaður, sem skipaður er af annað hvort SKÍ eða FIS skv. reglugerð um eftirlitsmenn.
9. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur FIS.

Útreikningur á bikarstigum

1. Árlega skal fara fram bikarkeppni SKÍ í skíðagöngu í öllum flokkum 13 ára og eldri og veitt stig skv. úrslitum úr bikarmótum, Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands og koma þau öll til útreiknings úrslita nema liðasprettur á UMI og SMÍ.
2. Stigagjöf er þannig:

1.sæti	100 stig	11.sæti	24 stig	21.sæti	10 stig
2.sæti	80 stig	12.sæti	22 stig	22.sæti	9 stig
3.sæti	60 stig	13.sæti	20 stig	23.sæti	8 stig
4.sæti	50 stig	14.sæti	18 stig	24.sæti	7 stig
5.sæti	45 stig	15.sæti	16 stig	25.sæti	6 stig
6.sæti	40 stig	16.sæti	15 stig	26.sæti	5 stig
7.sæti	36 stig	17.sæti	14 stig	27.sæti	4 stig
8.sæti	32 stig	18.sæti	13 stig	28.sæti	3 stig
9.sæti	29 stig	19.sæti	12 stig	29.sæti	2 stig
10.sæti	26 stig	20.sæti	11 stig	30.sæti	1 stig

3. Ef einstaklingar á meðal þriggja efstu keppendanna eru jafnir að stigum eftir veturinn skal þeim raðað eftir fjölda 1. sæta, 2. sæta, 3. sæta o.s.frv. Sé ekki hægt að gera upp á milli keppenda á þennan hátt, skulu báðir eða allir hljóta verðlaun samkvæmt sæti sínu.
4. Úrslit skulu reiknuð og birt að loknu hverju móti fyrir sig og hljóti þrjár efstu í hverjum flokki verðlaun að loknu síðasta móti.

5. Reikna skal saman stigafjölda þriggja bestu hvers félags fyrir sig sem það vinnur sér inn í hverjum flokki. Veita skal stigahæsta félaginu í eftirtöldum flokkum verðlaun:
- 13-16 ára (bæði kyn saman).
 - 17 ára og eldri (bæði kyn saman).

*Samþykkt á Skíðapingi 25.maí 2019
Breytt á Skíðapingi 2023
Breytt á Skíðapingi 2024*